



## Þjónustusamningur útgerðar og þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar

|                                       |                       |
|---------------------------------------|-----------------------|
| Útgerð skips                          | Kennitala útgerðar    |
| Heimilisfang útgerðar                 | Póstnúmer og staður   |
| Umsjónarmaður og tengiliður verkkaupa | Neyðarnúmer verkkaupa |

|                                      |                         |
|--------------------------------------|-------------------------|
| Viðurkenndur þjónustuaðili           | Kennitala þjónustuaðila |
| Heimilisfang þjónustuaðila           | Póstnúmer og staður     |
| Umsjónarmaður og tengiliður verksala | Neyðarnúmer verksala    |

Með vísan til ákvæða 4. mgr. 12. greinar laga nr. 30/2007 gera ofangreindir aðilar með sér eftirfarandi samning um reglubundið eftirlit með og viðhald vélbúnaðar fyrir skipið:

|                      |                 |
|----------------------|-----------------|
| Nafn skips           | Skipaskrárnúmer |
| Gerð aðalvélar skips | Skráð kW vélar  |

Verksali skuldbindur sig til þess að annast um allt viðhald og allar viðgerðir á aðalvél og vélbúnaði skipsins í fullu samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar vélaframleiðanda og sem hafi að markmiði að sjá til þess að vélbúnaður skipsins teljist á hverjum tíma öruggur og í fullkomnu lagi miðað við fyrirhugaða notkun skipsins. Verksali skal leitast við að sinna þessu eftirliti á sem hagkvæmastan hátt fyrir verkkaupa í samráði við umsjónarmann sem verkkaupi tilnefnir.

Verkkaupi skuldbindur sig til þess að tilkynna verksala um keyrslutíma vélar svo hægt sé að uppfylla kröfur samkvæmt viðhaldsbók skips. Verkkaupi útvegar viðhaldsbók. Verksali mun skrá allt viðhald í viðhaldsbók og einnig í véladagbók skipsins.

Sé þörf á að kalla til sérhæfða þjónustuaðila til að sinna viðhaldi, skal verksali hafa milligöngu um að fá þá til skoðunar í samráði við verkkaupa.

Verksali skuldbindur sig til þess að hafa til taks á öllum tímum hæfan mannskap til þess að annast viðhald á vélbúnaði skipsins.

Í viðhengi við þjónustusamning þennan er að finna:

1. Lýsingu á verkstæðisaðstöðu, þ.e. húsakosti, tækjum og búnaði sem þjónustuaðilinn hefur aðgang að.
2. Skoðunaráætlun þar sem lýst er tíðni og umfangi reglubundinna skoðana svo sem tíðni upptekta og ástandsskoðana og prófana til samræmis við leiðbeiningar tækjaframleiðanda

Uppsögn eða breytingu á samningi skal tilkynna skriflega til Samgöngustofu. Þjónustusamningur fellur úr gildi 30 dögum eftir uppsögn þjónustusamnings og eru báðir aðildar þjónustusamnings bundnir af samningi þessum til þess tíma.

Séu verkkaupi eða verksali ekki í aðstöðu til þess að efna ákvæði þjónustusamnings vegna óviðráðanlegra aðstæðna, skal tilkynna gagnaðila um þær aðstæður og tilkynna það jafnframt til Samgöngustofu. Með því að samningsaðili er ekki í aðstöðu til þess að efna ákvæði samningsins teljast skilyrði þess að ekki sé skylt að í áhöfn sé vélavörður ekki lengur til staðar og skal þá manna skipið í samræmi við það.

Greiða skal fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá verksala. Verksali skal samkvæmt samningi þessum uppfylla kröfur framleiðanda varðandi þjónustu og viðhald á vél og vélbúnaði og sjá til þess að vél og vélbúnaður skipsins sé í sem bestu ástandi og ásigkomulagi á hverjum tíma. Ekki skal undir neinum kringumstæðum annar en verksali sjá um þjónustu á vél og vélbúnaði nema með samþykki verksala.

|                      |               |
|----------------------|---------------|
| Staður og dagsetning | Fh. verkkaupa |
| Staður og dagsetning | Fh. verksala  |

Viðhengi:

1. Lýsingu á verkstæðisaðstöðu
2. Skoðunaráætlun